

Frá sýningunni á Kjarvalsstöðum. Stóru myndirnar eru Rostungamynd eftir Guðmund frá Miðdal og mynd af hrafnaþingi eftir sama.

Nú er kátt í höllinni....

Einkasafn Grethe og Ragnars Ásgeirssonar á Kjarvalsstöðum

Jónas Guðmundsson
MYNDLIST

Að lána myndir á sýningar

Ef maður lítur um öxl og hugleiðir þann aragrúa málverkasýninga sem haldnar hafa verið, og reynir að meta hverjar eru merkastar, þá verður ein gerð sýninga ofarlega í huga, en það eru yfirlitssýningar á verkum mikilsmetinna málara, þegar góðviljaðir menn hafa tekið ofan dýrmætar myndir heima hjá sér, til að leyfa almenningi að sjá þær, leyfa myndunum að hitta systur sínar í tvær þrjár vikur. Yfir slíkum sýningum er sérstakur blær. Oft eiga málararnir sjálfir ekki sínar bestu myndir, né heldur listasöfn, eða opinberar stofnanir og þá er leitað til einstakra manna, er sinna svona beiðnum oft eins og sjálfsögðum hlut, eða af þegnskap, við menningarríkið.

Á hinn bóginn eru sjálfstæðar sýningar á einkasöfnum fremur sjaldgæfar hér á landi. Peningamenn og aðrir, em listaverkum safna, hafa það ekki almennt til siðs, að efna til sýninga á eigum sínum. En þó er það líka til og má nefna sýningu er dr. Gunnlaugur Þórðarson hélt á myndum, er hann átti eftir nafna sinn Gunnlaug Scheving fyrir nokkrum árum, og vakti þá talsverða athygli, þótti listviðburður.

Grethe Harne og Ragnar Ásgeirsson

Það kann að vera, að ekki séu mörg stór einkasöfn til á Íslandi, og það má vera skýringin á því hversu fáar sýningar eru á einkasöfnum hér. En þeir sem best þekkja til, vita, að til munu þó nokkur stór og merk einkasöfn, sem aldrei hafa verið



Grethe Harne Ásgeirsson. Fædd 20/2 1895 — Dáin 12/1 1971
Ragnar Ásgeirsson. Fæddur 6/11 1895 — Dáinn 1/1 1973

sýnd. Ef til vill dregur þó að því, vegna þess að nú tekur steininn úr, með sýningu á verkum, sem voru í eigu hjónanna Grethe Harne Ásgeirsson (f.Nielsen) (1895—1971) og Ragnars Ásgeirssonar (1895—1973), og eru það afkomendur þeirra hjóna er nú eiga þessar myndir (flestar) og halda á þeim sýningu.

Það hafði lengi verið vitað, að Ragnar Ásgeirsson, garðyrkjusérfræðingur og kona hans Grethe áttu geysiverðmætt og vandað málverkasafn. Ragnar var mikill menningarmaður í sinni tíð og kona hans var einnig áhugasöm um listir.

Ragnar Ásgeirsson fæddist í Kóranesi á Mýrum hinn 6. nóvember árið 1895 og voru foreldrar hans þau Jensína Björg Matthíasdóttir (1864-1928) og Ásgeir Eyþórsson, kaupmaður (1868—1942) þar og síðar í Reykjavík. Ragnar var því albróðir Ásgeirs heitins Ásgeirssonar, forseta Íslands.

Kóranes á Mýrum var verslunarstaður rétt við þann stað sem franska rannsóknaskipið Pourquoi Pas? rak á land í ofsaveðri í septembermánuði árið 1936.

Þar fórst hinn heimsfrægi vísindamaður dr. Charcot og með honum 37 menn, en einn komst af.

Kóranes var við svokallaðan Straum, sem er þröng en góð náttúruhöfn. Í Kóranesi má enn sjá grundvöll verslunarhúsa Ásgeirs Eyþórssonar, en í Sturlungu segir að í Kóranesi hafi verið sáðlönd.

Þau Ásgeir og kona hans fluttust til Reykjavíkur með börn sín um aldamótin. Í sýningarskrá segir m.a. þetta um æviferil Ragnars Ásgeissonar:

13 ára í garðyrkjunám í Danmörku

„Árið 1909 sigldi Ragnar þá á fjórtánda ári, til garðyrkjunáms. Árið 1913 lauk hann fjögurra ára verklegu garðyrkjunámi og fór þá til Vilvorde Havebrugshöjskole. Prófi þaðan lauk hann vorið 1915, og varð síðan kennari við þann skóla 1916—18. Veturinn 1915—16 var hann á Lýðháskólanum í Askov. Árin 1918—19 starfaði hann sem skrúðgarðyrkjumeistari í Kaupmannahöfn, og mun fyrstur Íslendinga hafa aflað sér réttinda í þeirri grein. Í febrúar 1920 réðist hann til Búnaðarfélags Íslands, þar sem hann starfaði allt til ársins 1971.

Árið 1921 kvæntist Ragnar Grethe Harne Nielsen frá Árósum, hinni mikilhæfustu konu. Eignuðust þau fjögur börn.

Í Höfn komst Ragnar snemma í kynni við listasöfn, og vaknaði þá hjá honum sá listaáhugi, sem entist honum alla ævi. Árið 1915 kynntist hann Jóhannesi Kjarval, sem þá stundaði nám við listaháskólann í Kaupmannahöfn og varð það upphaf langrar vináttu.



Ein myndanna

Ritaði um listir og listsýningar

Eftir heimkomuna ritaði Ragnar mikið um listir og listsýningar og gerði mikið til að glæða almennan áhuga fyrir þeim. Hann átti um skeið sæti í Menntamálaráði, og beitti hann sér þá m.a. fyrir því að íslenska ríkið keypti hið kunna mannamyndasafn Kjarvals. Einnig ritaði Ragnar greinar um íslenska list í hið kunna breska tímarit Studio.

Vegna afskipta sinna af þessum málum kynntist Ragnar mörgum áægtum listamönnum, ma. Einari Jónssyni, Gunnlaugi Scheving og Höskuldi Björnssyni. Dvöldust sumir þeirra löngum á heimili þeirra hjóna, og tókst honum á ýmsan hátt að greiða götu þeirra, svo sem bréf þeirra bera ljósan vott um. Eignuðust þau hjónin gott safn verka þeirra með tímanum.

Áhugamál átti Ragnar mörg, meðal annars safnaði hann þjóðlegum minjum og fræðum á ferðum sínum um landið. Hafa verið gefnar út þrjár bækur sagna sem hann safnaði og skrásetti. Ragnar var líka ágætur hagyrðingur og urðu margar vísur hans landfleygar."

Þau hjón voru búsett í Hveragerði lengst af.

Alls eru 153 málverk á skrá, eða myndir. Elsta myndin á sýningunni er radering eftir Rembrandt, en þá mynd lagði Grethe Harne í búið, en myndina fengu þau að gjöf frá foreldrum hennar. En af íslenskum myndum eru tvö málverk eftir Ásgrím Jónsson elst, eða frá 1904 og 1905, en yngsta myndin á sýningunni, þeirra er ártal bera, er líklega frá árinu 1953.

Fyrstu myndina keypti Ragnar í Kaupmannahöfn árið 1920, er það rauðkrítarmyndin „Hesliviður", en „Rauðkrítarmyndir Kjarvals" þykja frábærar. Eru alls um 20 slíkar myndir á sýningunni.

Kjarval, Scheving og Höskuldur

Meginstofn þessarar sýningar eru verk Jóhannesar Kjarval, Gunnlaugs Scheving og Höskuldar Björnssonar, en auk þess eru myndir eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal, Johannes Larsen (frægur danskur málari og grafíker, þekktur fyrir fuglamyndir, sem meðal annars var fenginn til að skreyta Christjánsborgarhöll með



Fóstra Schevings við eldunarstörf.

fuglamyndum.) Þá er mynd eftir Grétu Björnsson á þessari sýningu og svo raderingin eftir Rembrandt sem áður var getið um.

Þess er getið í sýningarskrá, að vináttan var milli þeirra hjóna og ýmissa listamannanna, og er sérstaklega getið þeirra Einars Jónssonar, Höskuldar Björnssonar og Jóhannesar Kjarvals. Eru á sýningunni, auk myndanna, allmörg bréf er Kjarval ritaði Ragnari á ýmsum tímum. Hafa sum þeirra verið vélrituð upp, mönnum til hægðarauka.

Allmargar myndanna munu þau hjón hafa þegið að gjöf, en obbinn er keyptur. Af ártalinu má ráða, og einnig hefur undirrituðum verið skýrt frá því, að safnið hafi orðið til mestan part á um það bil 30 árum, eða frá 1930—1960.

Á þeim árum voru verk þess-